

Chelsea Follett

## Miðstýring var verst fyrir konur



Mikill hvítþvottur á sögunni hefur átt sér stað samhliða því að hundrað ár eru liðin frá rússnesku byltingunni. Mögulega er þó að finna fáránlegasta hvítþvottinn í nýlegri grein í New York Times þar sem því er haldið fram að konur í kommúnistaríkjunum hafi „notið margvíslegra réttinda og fríðinda sem á þeim tíma voru óþekkt í lýðræðisríkjum“.

Raunveruleikinn er sá að þrátt fyrir fagur-galann um jafnrétti kynjanna leiddi miðstýringin af sér skelfilegt kynjamisrétti. Þegar enginn markaðshvati er fyrir hendi til að uppfylla þarfir fólks eru það konurnar sem gleymast fyrst.

Verksmiðjur kommúnista létu meira að segja hjá líða að framleiða vörur sem mættu grunnþörfum kvenna. „Á öllum þessum árum gat kommúnismi ekki einu sinni framleitt einföld dömubindi, sem konur hafa brýna þörf fyrir,“ skrifar Slavenka Draculić. Í bók sinni *How*

*We Survived Communism and Even Laughed* segir hún frá þeirri daglegu vanvirðingu sem konur bjuggu við í Ungverjalandi, Póllandi, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu, Austur-Þýskalandi og heimalandi sínu, Júgóslavíu. Venjuleg dömubindi urðu eftirsóttur varningur á svarta markaðnum og flestar konur þurftu sætta sig við að þurfa að útbúa eitthvað til að nota í staðinn.

Skipuleggjendur hagkerfisins beindu framleiðslunni frá öllu því sem taldist kvenlegt og þar af leiðandi hégómlegt og smáborgaralegt. Draculić segir að „í miðstýringu sem karlar stýrðu var vitaskuld ekkert rúm fyrir smámuni á borð við andlitsfarða“. Konur saumuðu gjarnan sinn eigin fatnað eða útbjuggu fegrunarmeðul úr því sem var að finna í eldhússkápunum þrátt fyrir að konur sem litu of vel út „gætu þótt grunsamlegar og þyrftu jafnvel stundum að sæta rannsókn“.

Flestar konur gengu í sams konar fötum vegna þess að verslanir buðu ekki upp á neitt úrval. Á einu tímabili virtist sem allar konur í Varsjá hefðu ákveðið að lita hárið á sér með sama rauða litnum vegna þess að hann var sá eini sem efnaverksmiðjurnar framleiddu. Konur í Búdapest, Prag, Sofíu og Austur-Berlín kvörtuðu allar undan því sama: „Engir svitalyktareyðar eða ilmvötn voru til og stundum jafnvel hvorki sápa né tannkrem ... Verst af öllu var að engin dömubindi voru til. Hvað er hægt að segja annað en að þetta hafi verið niðurlægjandi?“

Í kommúnistaríkjunum var þess vænst að konur ynnu utan heimilisins og sinntu líka öllum heimilisstörfum. (Engels taldi að það væri „brjálæðislegt“ að karlar sinntu slíkum störfum: heimilisstörf „svipta menn karlmennskunni“). Konurnar sem stóðu fyrir heimilisrekstrinum fundu fyrstar fyrir skortinum og það var þeirra hlutskipti að finna eitthvað sem kom í staðinn fyrir hversdagslegan varning. Alvarlegur skortur var á matvælum, ungbarnamjólkurdufti, húsnæði og um það bil öllu öðru.

Ríkið útvegaði húsnæði með því að skipta upp þeim íbúðum sem til voru og láta fólk sem þekktist ekkert búa saman í æ minna rými, eins og lýst er í ritgerð Josephs Brodsky „*In a Room and a Half*“. Oft varð baðherbergið líka að þjóna sem eldhús (sem margar fjölskyldur deildu) og lítill skot voru talin svefnherbergi fyrir margt fólk. Ríkið útvegaði barnagæslu en biðlistar voru oft langir. Ríkið tryggði konum störf en einnig gat verið skortur á þeim. Í Júgóslavíu var meðalbiðtími eftir starfi þrjú ár.

Á sjötta áratugnum lýstu skipuleggjendur ríkisins í Júgóslavíu því yfir að salernis-pappír væri óþörf munaðarvara og skipuðu verksmiðjum að hætta að framleiða hann. Árum saman þurfti fólk að nota dagblöð (aldrei var skortur á pappír til að prenta áróður á). Á meðal annars yfirlýsts óparfavarðnings voru kvenhattar, hanskar, þvottaefni, barnaleikföng, mjólk og kjöt. „Almenna reglan var sú að allt gat hvenær sem var

orðið yfirlýst munaðarvara,“ skrifar Draculić. Einkum var hætt við að vörur sem konur notuðu féllu í þann flokk.

Bandaríkjamann sem fór til kommúnistaríkjanna á níunda áratugnum rak í rogastans þegar hann komast að raun um að konur þvoðu enn þvotta eins og þær gerðu í Bandaríkjunum fimmtíu árum áður. Þær höfðu engar þvottavélar. Í öllum kommúnistaríkjunum lögðu konur þvottinn í bleyti í járnþala, beygðu sig svo yfir balann og skrubbuðu þvottinn á þvottabretti, suðu hann síðan á eldavélinni og hrærðu í með langri sleif.

Þetta flókna ferli tók heilan dag í hverri viku og hendur kvennanna bólgnuðu, sprungu og voru þaktar sárum. Engir gúmmíhanskar voru framleiddir til að verja húðina á höndum þeirra – skipuleggjendur hagkerfisins sáu enga ástæðu til að selja þá. Þeir karlar sem sáu um skipulagið hafa að líkindum aldrei þurft að vinna þetta „kvenmannsverk“.

Skortur á þvottaefni var útbreiddur í kommúnistaríkjunum. Kona í Sofíu sagði við Draculić: „Þegar ég finn það kaupi ég tvo eða þrjú stóra pakka. Maður getur aldrei verið viss um að það verði til aftur.“ Hún hafði aldrei heyrt talað um þurrkara. En ef þvottavélar og þurrkarar hefðu verið til hefði títt rafmagnsleysi orðið til þess að ekki var hægt að reiða sig á slík tæki.

Kommúnistaríkin framleiddu ekki vélar sem léttu konum lífið af sömu ástæðu og þau vanræktu aðrar þarfir þeirra og langanir. Þrátt fyrir allar kvartanirnar yfir gróðasjónarmiðum ýta markaðir undir að fólk uppfylli þarfir annarra með frjálsum viðskiptum. Í ríkisreknu hagkerfi eru engir slíkir hvatar. Enginn skortur er á kommúnískum fagurgala um kynjajafnrétti en hann getur ekki bætt upp fyrir hræsnina og misréttið sem gegnsýrir miðstýrt hagkerfi.

---

**Chelsea Follett er ritstjóri vefsíðunnar *HumanProgress.org*. Greinin birtist á vef *CAPX* en er hér birt í íslenskri þýðingu með góðfúslegu leyfi höfundar.**